

Menningar-, nýsköpunar-
og háskólaráðuneytið
Reykjastræti 8
101 Reykjavík
(lagt fram á samráðsgátt)

Bls. | 1

Reykjavík, 14. október 2025

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tímabundnar endurgreiðslur til kvikmyndagerðar á Íslandi

Frumvarpsdrögin hafa verið tekin til skoðunar á vettvangi SVP – Samtaka verslunar og þjónustu (samtökin). Óska samtökin að koma eftirfarandi á framfæri.

Hinn 22. september 2025 skiluðu samtökin umsögn á samráðsgátt stjórnvalda um áform um það frumvarp sem nú liggur fyrir. Var þar hvatt til þess að menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið beitti sér fyrir því að miðasölu kvikmyndahúsa verði skipað í 11% virðisaukaskatt, með það fyrir augum að ná fram jafnræði milli þeirra aðila sem miðla því efni sem nýtur stuðnings í formi endurgreiðslna.

Í athugasemdum við frumvarpsdrög er fjallað um þá hvatningu og sjónarmið þar að baki, m.a. mikilvægi kvikmyndahúsa fyrir miðlun menningarefnis. Kemur enn fremur fram að ráðuneytið muni taka málið til skoðunar í samráði við þess til bæra aðila innan fjármála- og efnahagsráðuneytið.

Samtökin vilja nota tækifærið og koma á framfæri ánægju með þessa afstöðu ráðuneytisins sem og bjóða fram aðstoð við framhald málsins.

Virðingarfyllst,

f.h. SVP – Samtaka verslunar og þjónustu



Kristinn Már Reynisson
lögfræðingur